

**Úrkomumælingar í safnmælum á vegum
Orkustofnunar 1989 og 1990**

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-90-01

Úrkomumælingar í safnmælum á vegum Orkustofnunar 1989 og 1990

Inngangur

Lýst er athugunum í safnmælum („totalisatorum“) á hálendinu á árunum 1989 og 1990, sem Vatnamælingar Orkustofnunar annast um. Niðurstöður birtast í Ársyfirliti Veðráttunnar, útgefnu af Veðurstofu Íslands. Greinargerðin er rituð til þess að koma þessum athugunum á framfæri við Veðurstofuna.

Athuganir 1989 og 1990

Vísað er til tveggja bréfa Bjarna Kristinssonar, Orkustofnun, til Veðurstofunnar, dags. 1987-04-21, 1987-09-07 og greinargerðar Kristins Einarssonar 01/89, en þar er lýst athugunum í safnmælum 1986, 1987 og 1988. Um mælinn í Krepputungu sér Ásgeir Gunnarsson á Egilsstöðum.

Í töflu 1 eru gefnar tölur um athuganir í safnmælum 1988-'90. „-ný staða“ gefur álestur að aflokinni tæmingu og enduráfyllingu með saltblöndu og olíu.

Við umreikning á mældum cm í safnmæli yfir í mm úrkomu er miðað við tölur í skilagrein Vatnamælinga nr. 164 „Snjómæling inni á hálendinu. Úrkomumælingar“, sem Sigurjón Rist ritaði síðla árs 1958. Þar er lýst kvörðun á safnmælinum í Jökulheimum, en hann mun vera sömu gerðar og aðrir safnmælar á hálendinu. Skv. henni er hlutfallið milli flatarmála söfnunarbelgs og mæliops $14,16 \pm 0,10$. Hver cm í safnmæli svarar þá til 141,6 mm úrkomu, og er sá fasti notaður hér á eftir í töflu 2, en þar er gefin úrkoma í safnmælum 1989 og 1990.

Skípt var um í safnmælunum í Jökulheimum og Ljósufjöllum 9. október 1989 og í mælunum í Kjalöldum, Veiðivatnahrauni og við Hald þann 10. október 1989. Svo illa vill til, að mælingabók með tölunum í finnst ekki, þannig að engar tölur liggja fyrir um safnmælana í Veiðivatnahrauni og við Hald fyrir þetta tímabil og einungis hluta tímabilsins í Jökulheimum, Ljósufjöllum og Kjalöldum. Engu að síður er ljóst að úrkoma var þar verulega mun meiri árið 1988-1989 heldur en árið á undan. Hins vegar var þurrara í Krepputungu bæði 1988-1989 og 1989-1990 en 1987-1988.

TAFLA 1. Athuganir í safnmælum 1988-'90				
Mælistaður	Staðsetning	Hæð m y.s.	Dags.	Álestur cm
Bláfellsháls	64°32'N 19°53'W	550	1989-04-01	-80,1
			1990-02-20	-82,4
			1990-04-29	-80,7
Hald við Tungnaá -ný staða -ný staða	64°10'N 19°24'W	290	1988-09-22	-93,3
			1989-10-10	-?
			1989-10-10	-?
			1990-10-04	-86,2
Veidivatnahraun -ný staða -ný staða	64°21'N 18°39'W	605	1988-09-22	-90,1
			1989-10-10	-?
			1989-10-10	-?
			1990-10-04	-82,3
Ljósufjöll -ný staða -ný staða	64°14'N 18°34'W	645	1988-09-22	-90,0
			1989-07-02	-84,1
			1989-10-09	-?
			1989-10-09	-?
			1990-10-03	-82,6
			1990-10-03	-85,3
Jökulheimar -ný staða -ný staða	64°18'N 18°15'W	675	1988-09-22	-92,4
			1989-07-02	-86,3
			1989-10-09	-?
			1989-10-09	-?
			1990-10-03	-84,5
			1990-10-03	-88,2
Kjalöldur -ný staða -ný staða	64°26'N 18°55'W	590	1988-09-22	-92,5
			1989-02-28	-89,5
			1989-04-09	-88,7
			1989-10-10	-?
			1989-10-10	-?
			1990-03-15	-89,6
			1990-04-10	-88,8
			1990-10-04	-85,2
			1990-10-04	-88,9
Krepputunga -ný staða -ný staða	65°05'N 16°13'W	550	1988-10-22	-86,7
			1989-01-12	-86,5
			1989-06-27	-85,3
			1989-09-08	-84,7
			1989-09-09	-91,8
			1989-10-11	-91,6
			1990-08-15	-89,6
			1990-08-17	-92,0

TAFLA 2. Úrkoma í safnmælum 1989 og 1990				
Mælistaður	Staðsetning	Hæð m y.s.	Tímabil	Úrkoma mm
Hald við Tungnaá	64°10'N 19°24'W	290	1988-09-22 -	
Hald við Tungnaá	64°10'N 19°24'W	290	- 1990-10-04	
Veiðivatnahnraun	64°21'N 18°39'W	605	1988-09-22 -	
Veiðivatnahnraun	64°21'N 18°39'W	605	- 1990-10-04	
Ljósufjöll	64°14'N 18°34'W	645	1988-09-22 - 1989-07-02	835
Ljósufjöll	64°14'N 18°34'W	645	- 1990-10-03	
Jökulheimar	64°18'N 18°15'W	675	1988-09-22 - 1989-07-02	864
Jökulheimar	64°18'N 18°15'W	675	- 1990-10-03	
Kjalöldur	64°26'N 18°55'W	590	1988-09-22 - 1989-04-09	538
Kjalöldur	64°26'N 18°55'W	590	1990-03-15 - 1990-10-04	566
Krepputunga	65°05'N 16°13'W	550	1988-10-22 - 1989-09-08	283
Krepputunga	65°05'N 16°13'W	550	1989-09-08 - 1990-08-15	283
Bláfellsháls	64°32'N 19°53'W	550	1990-02-20 - 1990-04-29	241

Eyður eru í töflu 2 vegna skorts á upplýsingum um upphafs- eða lokastöðu í viðkomandi mælum.